

Ársskýrsla – Foreldrafélag Gullborgar – Skólaár 2016-2017 -

Veturinn 2016-2017 voru skráðir 10 fulltrúar frá öllum deildum í stjórn foreldrafélags Gullborgar, en gert er ráð fyrir a.m.k. tveimur fulltrúum frá hverri deild. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsmanna og efla tengsl foreldra við leikskólann. Félagið stendur m.a. fyrir uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsmönnum til gagns og gamans og falla utan hefðbundins leikskólastarfs.

Skólaárið sem leið var viðburðarríkt þrátt fyrir að hafa byrjað frekar seint hjá okkur. Í nóvember voru haldnar samverustundir (foreldrakaffi) í samráði við deildarstjóra, sem deildarfulltrúar skipulögðu ásamt deildarstjóra hvernar deildar og lukkuðust þær vel. Þetta er kjörinn vettvangur fyrir foreldrana að hittast, spjalla og kynnst hvort öðru. Samverustundir voru síðan haldnar með sama sniði í apríl/maí. Það væri kannski kjörið að virkja foreldra enn meira til samstarfs eins og t.d. að kynna starf sitt, taka þátt í hópastarfi eða söng/samverustund.

Aðventan var fjörug að vanda. Regnbogadeild fór í kaffihúsaferð sem er árviss viðburður og það komu góðir gestir í heimsón frá leikhópnum Lottu á jólaskekkjunni. Skjóða og 2 af bræðrum hennar glöddu börnin ákaflega mikið. Leikhópurinn Lotta er með afar skemmtilegt úrval af uppákomum fyrir börn allan ársins hring. Gott að hafa þau í huga þegar á skipuleggja viðburð fyrir börnin.

Porrinn gekk í garð og fengum við valkyrjuna hana Sölku til að kynna börnum og starfsfólki fyrir þorranum og hvernig lífið gekk fyrir sig í árdaga. Þetta gekk ákaflega vel og má hafa í huga á næsta á ári að fá álíka kynningu/uppákomu.

Vorið kom og var farið í sveitaferð að Hraðastöðum í Mosfellsdal. Þessi ferð gekk ekki alveg nógu vel þar sem við töldum okkur hafa svæðið út af fyrir okkur. Síðan kom í ljós að Hraðastaðir voru tví- ef ekki þrjúbókaðir og var ekki þverfótað fyrir fólki erfitt að fá bílastæði og afar erfitt að hafa yfirsýn yfir hverjir komu frá Gullborg. Samið var um veglegan afslátt en við höfum ekki enn fengið reikning frá þeim og teljum því málið útkljáð. Við leggjum til að leitað verði annað næsta vor.

Á eftir vori kemur sumar og var því fagnað á viðeigandi hátt 9 júní. Boðið var upp á andlitsmálningu frá Furðufés fyrir hátíðina svo að öll börnin væru komin með málningu í andlitið fyrir hátíðina sjálfa. Síðan tróð upp hljómsveitin Star Wars Hvolpar frá grænudeild og Duo & Stemma lokaði hátíðardagskránni. Svo má ekki gleyma pylsu og svalaveislunni sem er fastur liður eins og venjulega. Það sem vantaði var kannski að hafa forspil til að leiða hina árlegu skróðgöngu í upphafi dagskrárinnar sem fór frekar hljóðlega fram að þessu sinni.

Önnur mál sem voru hvað helst í brennidepli á síðasta skólaári voru hvernig við getum stutt við leikskólastarfið og starfsmenn Gullborgar. Við styrktum útskrifarferð Regnbogadeildar upp í topp og starfsmannafélag Gullborgar um 50.000kr fyrir starfsdag í vor. Á fundi í upphafi þessa skólaárs var rætt að stykja starfmannafélagið og starfið enn frekar. Ekki var kominn endanleg niðurstaða í það. Eftirstöðvar foreldrafélagsins eru með miklum ágætum og viljum við því að Gullborg njóti góðs af því. Einnig hefur komið fram að Regnbogadeild gæti orðið Undralandi að bráð einhvern tíman á næstu misserum og viljum við eindregið leggja Gullborg lið í þeirri baráttu. Lóðarmálin eru að öðrum kosti í góðum málum hvað viðhald varðar. Ekki má þó slá slöku við og verður foreldrarfélagið að vera meðvitað um nauðsyn þess að halda uppi viðhaldi og viðundandi aðbúnaði barna og starfsfólks á Gullborg. Við höfum finan slagþunga þegar kemur að þrýstingi á Reykjavíkurborg.

Annað praktískt mál var að við breyttum fyrirkonulagi gíróseðla í heimabanka frá forledrafélaginu. Þeir komu ekki lengur undir valkvæðar greiðslur heldur fengu þeir eindaga og voru í kjölfarið sjánlegri í heimabankanum.

Fyrir hönd foreldrafélagsins

Davíð Freyr Þórunnarson

Formaður foreldrafélags Gullborgar